

Erindisbréf fyrir Öldungaráð Uppsveita og Flóa.

1. gr. Stjórnskipuleg staða

Sveitarfélögin Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur skipa í sameiginlegt öldungaráð Uppsveita og Flóa. Öldungaráðið heyrir undir sveitarstjórnir sveitarfélaganna. Öldungaráðið er sveitarstjórnun, samráðshópum um málefni aldraðra og heilsueflandi samfélagi í sveitarfélögunum til ráðgjafar. Skipan öldungaráðs byggir á 6. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 og 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

2. gr. Skipan ráðsins

Aðildarsveitarfélögin tilnefna hvert um sig einn aðalman og einn varamann í öldungaráðið að afloknum sveitarstjórnarkosningum og er kjörtímabil ráðsins það sama og sveitarstjórnar. Félög eldri borgara í aðildarsveitarfélögunum skulu hvert um sig tilnefna einn fulltrúa og annan til vara úr sínu sveitarfélagi. Þar sem fleiri en eitt félag eldri borgara starfar innan sama sveitarfélags skulu þau sammælast um skipan eins fulltrúa og annars til vara. Sveitarstjórnir velja öldungaráði formann og varaformann úr hópi öldungaráðsmanna. Ráðið skiptir með sér verkum að öðru leyti á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum og skal sá fundur haldinn eigi síðar en 1. september. Formaður öldungaráðs boðar til fyrsta fundar.

Í öldungaráðið er einnig skipaður einn fulltrúi og annar til vara frá Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings, sem skal vera starfsmaður á starfsstöð Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings í Laugarási, og skal sá vera félagsráðgjafi eða með hliðstæða menntun. Einn fulltrúi og annar til vara er skipaður af Heilbrigðisstofnun Suðurlands og skal hann hafa þekkingu á öldrunarþjónustu. Fulltrúi Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings er starfsmaður ráðsins og er hlutverki hans nánar lýst í 4. gr.

Fulltrúi stærsta sveitarfélagsins kallar eftir skipun Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings á aðal- og varamönnum í ráðið.

3. gr. Hlutverk og verksvið

Öldungaráð fjallar um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála skv. lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Öldungaráð skal í störfum sínum hafa að leiðarljósi markmið laga um málefni aldraðra, sbr. 1. gr. laganna, en þau eru að aldraðir eigi vól á þeirri heilbrigðis- og félagslegu þjónustu sem þeir þurfa á að halda og að hún sé veitt á því þjónustustigi sem er eðlilegast miðað við þörf og ástand hins aldraða. Einnig er markmið laganna að aldraðir geti, eins lengi og unnt er, búið við eðlilegt heimilislíf og að jafnframt sé tryggð nauðsynleg stofnanarþjónusta þegar hennar er þörf. Þá skal þess gætt að aldraðir njóti jafnréttis á við aðra þjóðfélagsþegna og að sjálfsákvörðunarréttur þeirra sé virtur.

Öldungaráð skal hafa eftirtalin verkefni á starfssvæði sínu:

- að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraðra og samhæfa þjónustu,
- að gera tillögur til sveitarstjórna um öldrunarþjónustu,
- að leitast við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þarfnast og kynna öldruðum þá kosti sem eru í boði.

Öldungaráð er formlegur vettvangur samráðs aldraðra, félagasamtaka þeirra, heilsugæslu, félagsþjónustu og sveitarstjórna um þjónustu við aldraða og þróun öldrunarmála innan sveitarfélaganna.

Öldungaráð skal vera sveitarstjórnnum, nefndum og ráðum sveitarfélaganna til ráðgjafar um málefni og hagsmuni sem varða málefni aldraðra. Ráðið er ekki framkvæmdaaðili. Ráðið fjallar ekki um einstaklingsmál.

4. gr.

Starfshættir, réttindi og skyldur

Um starfshætti ráðsins og réttindi og skyldur öldungaráðsmanna er fjallað í erindisbréfi þessu, ákvæðum sveitarstjórnarlaga, ákvæðum laga um málefni aldraðra og ákvæðum laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Allir fulltrúar í öldungaráði hafa málfrelsi, tillögu- og atkvæðisrétt. Öldungaráðsmönnum er skylt að sækja fundi ráðsins nema lögmæt forföll hamli. Öldungaráð getur enga ályktun gert nema meirihluti þess sitji fund og löglega hafi verið til hans boðað. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Þeir sem sitja fundi öldungaráðs skulu gæta fyllsta trúnaðar um þau einkamál er rædd kunna að vera á fundum þess. Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum.

Ráðið kemur saman a.m.k. tvisvar sinnum á ári, formaður stýrir fundi. Boðað skal til fundar að ákvörðun formanns eða ef a.m.k. tveir öldungaráðsmanna óska þess.

Starfsmaður ráðsins sér um að taka á móti erindum og málum sem leggja á fyrir ráðið. Hann útbýr í samráði við formann skriflegt eða rafrænt fundarboð þar sem tilgreindur er fundarstaður og fundartími og dagskrá í tölusettum liðum. Fundarboð skal sent öllum aðalmönnum og varamönnum.

Til fundar telst löglega boðað hafi allir öldungaráðsmenn verið boðaðir með a.m.k. tveggja sólahringa fyrirvara og þeim jafnframt greint frá dagskrá fundarins. Fundir ráðsins skulu að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum. Ráðið getur boðað á sinn fund starfsmenn sveitarfélaganna ef það telur þess þörf. Einnig getur það boðið öðrum aðilum að koma á fund ráðsins til viðræðna um ákveðin mál.

Starfsmaður kemur undirritaðri fundargerð til sveitarstjórna sem skal lögð fram til kynningar í sveitarstjórnnum. Jafnframt skulu fundargerðir ráðsins lagðar fram til kynningar í Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshöfna.

Öldungaráðsmenn sem skipaðir eru af sveitarfélögunum skulu fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín. Fer um þóknun samkvæmt samþykkt um laun nefndarmanna viðkomandi sveitarfélaga. Hvert sveitarfélag um sig annast greiðslu þóknunar til sinna fulltrúa.

Samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar hinn 19. maí 2022

Samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps hinn 12. maí 2022

Samþykkt af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hinn 15. júní 2022

Samþykkt af sveitarstjórn Hrunamannahrepps hinn 25. maí 2022

Samþykkt af sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hinn 15. júní 2022